

Fimmtudaginn 3. mars 1994.

Nr. 424/1993.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Birgi Andréssyni

(Jón Oddsson hrl.)

Skjalafals. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni með yfirlýsingu 27. september 1993. Af hálfu ákærvalds var málinu skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 7. október 1993, og er krafist staðfestingar á refsingu.

Í ákæruskjali er áritun útgefanda á hina fölsuðu tékka ranglega tilgreind sem „pr.pr. Blóm og ávextir“ í stað „pr.pr. Blóm og listmunir hf.“.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa hliðsjón af 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 auk 77. og 78. gr. Með þessari athugasemd verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með skírskotun til forsendna hans.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Birgir Andrésson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. september 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 22. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S 447/1993:

Ákærvaldið gegn Birgi Andræssyni, en málið var dómtekið samdægurs á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 31. ágúst sl., á hendur „Birgi Andræssyni, Vesturhúsum 14, Reykjavík, fæddum 23. apríl 1959, fæðingarnúmer 107, fyrir tékkafals, með því að nota í viðskiptum í Reykjavík um mánaðamótin júlí-ágúst 1992 með eftirgreindum hætti 5 falsaða tékka á stolnum eyðublöðum, merktum 0532, með áprentuðu reikningsnúmeri, 40051 pr.pr. Blóm og ávextir sem útgefanda, sem ákærði falsaði undir nafn móður sinnar, Sigrúnar Eyjólfsdóttur. Tékkarnir eru til handhafa, dagsettir 31/7 1992, nema annað sé nefnt, og framseldir af ákærða eigin nafni:

1. Nr. 1510008, kr. 2.500, dagsettur 1/8 1992.
2. Nr. 1510198, kr. 5.000. Notaður í verslun Nestis hf.
3. Nr. 1510190, kr. 6.000.
4. Nr. 1510191, kr. 5.000. Notaður í Kringlukránni, Borgarkringlunni.
5. Nr. 1510192, kr. 3.000. Tékkar í tölulíðum 1, 3 og 5, notaðir í bensínafgreiðslu Esso á Gagnvegi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Eftirgreindir aðilar hafa í málinu krafist skaðabóta úr hendi ákærða auk vaxta:

1. Olúfélagið hf., Suðurlandsbraut 18, alls kr. 11.500.
2. Nesti hf., pósthólf 612, kr. 5.000.
3. Kringlukráin hf., Borgarkringlunni, kr. 5.000“.

Ákærði kom fyrir dóminn í dag og viðurkenndi þá skýlaust að hafa framíð háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali. Játning ákærða styðst við önnur gögn málsins.

Dómurinn telur þannig sannað með skýlausri játningu ákærða, sem fær stuðning af öðrum skjölum máls þessa, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem í ákæruskjali greinir, og eru brot ákærða þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði hefur frá árinu 1982 hlotið 12 refsidóma, þar af eru 3 dómar Hæstaréttar.

Ákærði hefur verið dæmdur fyrir umferðarlagabrot, fjársvik, skjalafals og fleira og hlotið samtals meira en 3ja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir brot sín. Þá hefur ákærði frá árinu 1976 gengist undir dómsáttir fyrir um-

ferðarlagabrot, brot gegn skotvopnalöggjöfinni og fyrir fíkniefnabrot. Ákærði gekkst undir viðurlagaákvörðun fyrir fíkniefnabrot hinn 11. maí sl.

Ákærði hlaut hinn 16. mars 1992 reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum 420 daga refsivistar.

Ákærði hefur með brotum þeim, sem hann er nú sakfelldur fyrir, rofið skilorð reynslulausnarinnar og er hún því tekin upp og dæmd með máli þessu og er ákærða ákvörðuð refsing eftir reglum 77. gr. almennra hegningarlaga og einnig eftir reglu 78. gr. sömu laga vegna viðurlagaákvörðunarinnar frá því í maí á þessu ári.

Svo sem rakið var, á ákærði að baki langan brotaferil, og er refsing ákærða með vísan til ofanritaðs hæfilega ákvörðuð sem fangelsi í 16 mánuði.

Ákærði greiði eftirtöldum aðilum skaðabætur með vöxtum svo sem nánar greinir í dómsorði. Olúfélaginu samtals kr. 11.500, Nesti hf. kr. 5.000, en vaxta hefur ekki verið krafist í þessu tilviki, Kringlukránni hf., Borgarkringlunni, kr. 5.000.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Birgir Andrésson, sæti fangelsi í 16 mánuði.

Ákærði greiði Olúfélaginu hf. kr. 2.500 auk dráttarvaxta frá 1. ágúst 1992 til greiðsludags og kr. 9.000 auk dráttarvaxta frá 31. júlí 1992 til greiðsludags.

Ákærði greiði Kringlukránni, Borgarkringlunni, kr. 5.000 auk dráttarvaxta frá 31. júlí 1992 til greiðsludags.

Ákærði greiði Nesti hf. kr. 5.000.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.